

Áttundi fundur vetrarins í Gammadeild DKG sem var aðalfundur deildarinnar var haldinn 22. maí, 2012, kl. 18.00 að heimili Gerðar G. Óskarsdóttur, Breiðahvarfi 2 í Kópavogi.

Fundinn sátu 27 félagar, þær Anh-Dao Tran, Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga Halldórsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Löve, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir, yngri, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir.

Tekið fyrir:

1. Formaður setti fund kl. 18.35, kveikti á kertum, bauð gesti velkomna og hafði nafnakall.

2. **Fundargerð** Síðasta fundar lesin og samþykkt. Formaður þakkaði fundarritara sl. tvö ár fyrir góðar fundargerðir og lét fundarmenn hrópa húrra fyrir henni.

3. **Ýmis mál.**

a) Formaður greindi frá því að Ingibjörg Jónasdóttir hefði verið kjörin formaður Evrópu-Forum Delta Kappa Gamma en það er samstarfsvettvangur samtakanna í Evrópu. Fundarkonur gáfu Ingibjörgu gott klapp í kjölfar orða formanns.

b) Formaður minnti á að Gammadeild yrði 35 ára 5. júní nk. en þetta var þriðja deild samtakanna hér á landi. Pálína Jónsdóttir, fyrstu formaður deildarinnar, fékk hamingjuóskir og húrrahróp af þessu tilefni.

c) Vorþing DKG 2012. Helga Halldórsdóttir sagði frá þinginu sem haldið var í Þjóðmenningarhúsinu 28. apríl sl. undir yfirskriftinni „Frá orðum til athafna“. Þar mættu rúmlega 70 konur, þar af 15 úr Gammadeild. Haldin voru fimm erindi og rætt saman í umræðuhópum. Helga sagði að þingið hefði tekist mjög vel og þakkaði öllum sem komu að undirbúningi og framkvæmd þess.

d) Eignaskrá Gammadeildar. Formaður greindi frá því að hún hefði tekið saman eignaskrá deildarinnar sem ætluð væri tilvonandi formönnum.

4. **Aðalfundarstörf.**

Kl. 18.50 var gengið til aðalfundarstarfa undir stjórn Bjargar Eiríksdóttur.

a) Skýrsla formanns. Kristín Jónsdóttir, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Að henni lokinn færði Helga Halldórsdóttir formanni rós frá meðstjórnendum hennar.

b) Skýrsla gjaldkera. Árný Elíasdóttir, gjaldkeri, skýrði rekstrarreikning deildarinnar fyrir tímabilið 28.5.2010–20.5.2012 sem dreift var til fundarmanna. Formaður þakkaði gjaldkera vel unnin störf.

c) Kosning nýrrar stjórnar. Fundarstjóri kynnti tillögur uppstillingarnefndar en í henni sátu þær Ingibjörg Einarsdóttir, Björg Eiríksdóttir og Guðný Helgadóttir. Nefndin gerði eftirfarandi tillögur: Árný Elíasdóttir, formaður, Margrét Jónsdóttir, Björk Einisdóttir, Svana Friðriksdóttir. Nýja stjórnin hefur þegar valið sér gjaldkera, Ragnheiði Þórarinsdóttur að öðru leyti mun hún skipta með sér verkum. Fundarkonur samþykktu tillögur uppstillingarnefndar með lófataki. Ingibjörg Jónasdóttir tók að sér að vera áfram skoðunarmaður reikninga. Fundarstjóri og formaður óskuðu nýrri stjórn velfarnaðar. Nýr formaður þakkaði traustið.

Sigrún Aðalbjarnardóttir þakkaði formanni sérstaklega og fráfarandi stjórn fyrir áhugaverða dagskrá undanfarin tvö ár.

5. Konur og kvennahreyfingar. Kynning á tveimur bókum.

a) Kynning á bókinni *Á rauðum sokkum. Baráttukonur segja frá*. Lilja Ólafsdóttir kynnti bókina en í henni skrifa 12 upphafskonur Rauðsokkahreyfingarinnar endurminningar sínar frá fyrstu fimm árum hreyfingarinnar og Vilborg Dagbjartsdóttir birtir þar 12 ljóð. Lilja rakti tilurð bókarinnar. Hún fjallaði síðan um uppruna sinn, það sem hafði áhrif á hana í uppvextinum, hvernig var að koma sem kona út á vinnumarkaðinn eftir nám í Samvinnuskólanum og samfélagsviðhorf á þessum tíma. Þá sagði Lilja frá Rauðsokkahreyfingunni, upphafi hennar, markmiðum og starfsemi, svo sem útvarpsþáttum, blaðaútgáfu, spurningakönnunum sem voru alger nýlunda á þessum tíma, kynningarfundum í félagasamtökum, skrifum í blöð, ráðstefnum og félagsforminu. Lilja lýsti því hvernig var að starfa sem stjórnandi hjá Reykjavíkurborg undir kvenborgarstjóra. Loks las hún úr kafla sínum í bókinni og svaraði spurningum.

Vilborg Dagbjartsdóttir las nokkur ljóða sinna sem prýða bókina.

b) Kynning á bókinni *Hlustaðu á þína innri rödd –Kvennaframboð í Reykjavík og Kvinnalisti 1982-1987*. Höfundur bókarinnar, Kristín Jónsdóttir, formaður Gammadeildar sagði frá bókinni sem fjallar um það sem tók við af Rauðsokkahreyfingunni. Hún lýsti markmiðum Kvennaframboðsins í Reykjavík og Kvinnalistans sem fólust m.a. í að breyta kerfinu innan frá. Hugmyndafræðin byggði á straumum frá útlöndum sem lögðu áherslu á kvennamenningu, reynsluheim og sögu kvenna. Kvennaframboðið starfaði í 12 ár að sveitarstjórnarmálum eða frá 1982. Kvinnalistinn átti 3-6 fulltrúa á Alþingi í 16 ár frá 1983 en aðeins sátu þrjár konur á þingi þegar listinn kom til sögunnar. Þannig lifðu þessi framboð mun lengur en algengt er um lítil framboð hér á landi. Kristín sagði frá vinnubrögðum og skipulagi beggja samtaka, uppákomum þeirra, áherslum, einkennum og árangri. Þær ákváðu að skrá allt, fundargerðir, ræður o.fl. til að varðveita söguna – sem einkenndist m.a. af nýjum tóni í stjórnmálaumræðunni.

6. **Fundarlok.**Formaður afhenti nýrri stjórn, fyrirlesara og gestgjafa rauðar rósir, slökkti á kerunum þremur og sleit fundi kl. 21.30.

GGÓ, fundarritari.